

Ed.

208. Frumvarp til laga

[189. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1985 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á þeim aðilum, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1984 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1984.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1985 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1984. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1985 skila skrá m skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 2 000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VII—XIV kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og og eignarskatt, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema örðuvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1985 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1986. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt lögum nr. 74/1983 og í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1984 er áætlað að tekjur af honum verði um 68 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 74/1983. Lagt er til að skatthlutfall haldist óbreytt. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 95 millj. kr. en innheimta um 85 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.